

Upplýsingar vegna olnbogaaðgerðar

Mæting í aðgerð er á **6. hæð í Orkuhúsinu að Urðarhvarfi 8**. Þú þarft að vera fastandi (**hvorki matur eða drykkur í 6 tíma fyrir aðgerð**) og hafa farið í sturtu um morguninn.

Áður en þú ferð inn á skurðstofu hittir þú skurðlækni þinn sem merkir viðeigandi aðgerðarstað. Einnig ræðir svæfingalæknir við þig. Ágætt er að skilja eftir heima eða taka af sér hringa og skartgrip í fingrum fyrir aðgerð og vera í þægilegum fötum. Oftast þarf að fara úr fötum nema nærfötum fyrir aðgerð.

Að lokinni aðgerð ferð þú um stund á uppvöknunarherbergi. Þegar þú hefur jafnað þig og ert farinn að nærast er ekkert því til fyrirstöðu að þú getir farið heim. Þú keyrir ekki bíl sama dag.

Ekki taka nein blóðþynnandi lyf, asperín og magnýl eða skyld lyf né heldur lýsi og náttúrulyf 1 viku fyrir aðgerðina. Bólqueyðandi lyf, Voltaren, Íbúfen og skyld lyf má taka. Ef þú tekur blóðþrýstingslyf þá á að taka þau um morguninn fyrir aðgerð með litlum sopa af vatni.

Hreyfing: Vanalega má hreyfa handlegginn fljótlega eftir aðgerð, auka síðan hreyfingu uns fullri hreyfigetu er náð. Nánari leiðbeiningar færðu eftir aðgerð.

Verkir: Mikilvægt er að taka lyf verkjalyf reglulega fyrstu dagana en minnka fljótlega notkun þegar verkir minnka. Læknirinn skrifar út verkjalyf og eða bólqueyðandi lyf sem eru send rafræn í apótek. Gott er einnig að hafa kælipoka.

Umbúðir: Taka umbúðir af eftir 3 daga, þá getur þú farið í sturtu. Muna að þurrka vel sárin og setja síðan umbúðir yfir sem loftar um (fást í apótekum). Umbúðir þarf að hafa yfir meðan vætlar úr sárinu, en það er algengt vegna vökvans sem notaður er í aðgerðinni. Ef enn vætlar úr sárinu eftir um það bil viku þá þarftu að hafa samband við okkur.

Áður en þú ferð af læknastofunni ræðir læknir þinn við þig og ræðir endurkomutíma sem oftast er um 7-10 dögum eftir aðgerð.

Ef eitthvað ber að höndum s.s. auknir verkir, blæðing eða hiti, þá getur þú haft samband við ritara í síma 5200140 eða þá við undirritaðan í síma 7788543. Ef ekki næst í viðkomandi lækni þarf að leita til læknavaktar.

Óskum þér góðs bata.

Örnólfur Valdimarsson dr.med.

Bæklunarskurðlæknir

Læknastöðin Orkuhúsinu